




## Búsetuúrræði fyrir börn og ungmenni

Úrræðaleysi hefur einkennt þjónustu við börn og ungt fólk í fjölþættum vanda. Úrræði sem áður voru á hendi ríkis hafa færst til sveitarfélaga án þess að fjármagn hafi fylgt eða umræða um þróun þjónustunnar.

Gríðarleg kostnaðaraukning vegna vistunar barna með fjölþættan vanda hefur því lagst á sveitarfélögin síðustu árin. Um tveggja milljarða kostnaður féll á sveitarfélögin árið 2021 vegna þessarar þjónustu. Einkaúrræði fylla í eyður í kerfinu og sveitarfélögin borga. Meðferðarheimili sem voru á vegum Barnaverndarstofu hafa verið lögð niður síðasta áratug án þess að önnur úrræði leysi þau af hólmi.

### Fjöldi meðferðarheimila Barnaverndarstofu eftir árum



Þeir samningar sem eru nú í gildi milli Hafnarfjarðarbæjar og einkafyrirtækja vegna vistunar barna og ungs fólks í fjölþættum og krefjandi vanda eru sjö talsins. Einstaklingarnir eru fæddir á árunum 2003-2006. Kostnaður sveitarfélagsins vegna vistunar í einkareknum úrræðum árið 2021 voru tæpar 430 milljónir.

Vistunin er ýmist á grundvelli barnaverndarlaga eða laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þörf er á öryggisvistun í einstaka málum og er það óumdeilt verkefni ríkis að sinna slíku verkefni. Margítrekað hefur verið leitað hefur verið til félagsmálaráðuneytis og kallað eftir aðkomu. Um er að ræða flókna þjónustu þar sem aðkoma margra kerfa þarf að koma að og þá ekki síst heilbrigðiskerfisins.

Gæða- og eftirlitstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli m.a. barnaverndarlaga og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðgjafar á fjölskyldu- og barnamálasviði eru málstjórar í umræddum málum og hafa innra eftirlit með þjónustu sinna skjólstaðinga.



# Hafnarfjörður

Aðkallandi er að ríki sinni sínum skyldum við þennan viðkvæma hóp þannig að ágreiningur milli stjórnsýslustiga hamli því ekki að fullnægjandi þjónusta sé veitt.

Hafnarfjörður 7. apríl 2022

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.